

Reglugerð nr. 22.1 um framkvæmd móta innan valla á vegum FRÍ

Eftirfarandi reglur gilda um mót sem haldin eru á vegum og í nafni FRÍ, þ.m.t. Meistaramót Íslands, alla hluta, innan- og utanhúss, og Bikarkeppnir báðar/allar deildir og aldursflokka. Um framkvæmd móta utan valla gilda reglugerðir þar um.

Mótshaldari er skv. reglum þessum sambandsaðili FRÍ, sem hefur tekið að sér framkvæmd móts í samræmi við reglur þessar.

1. gr. - Ábyrgð mótshaldara

Mótshaldari sér um framkvæmd á eftirfarandi:

1. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd mótsins, sem ber einnig ábyrgð á undirbúningi þess. Tilkynna skal til FRÍ a.m.k. mánuði fyrir mót um skipan nefndarinnar.
2. Að senda öllum sambandsaðilum FRÍ og skrifstofu FRÍ tilkynningu um mótið með a.m.k. 20 daga fyrirvara.
3. Að gera tillögu að tímaseðli til stjórnar FRÍ a.m.k. mánuði fyrir mót.
4. Að senda fjölmiðlum fréttatilkynningu um mótið með góðum fyrirvara og auglýsa það samkvæmt reglum FRÍ þar um.
5. Að senda öllum sambandsaðilum FRÍ og skrifstofu FRÍ endanlegan tímaseðil mótsins með a.m.k. sjö daga fyrirvara.
6. Að senda öllum sambandsaðilum FRÍ, skrifstofu FRÍ og helstu fjölmiðlum úrslit mótsins strax að loknu móti eða í síðasta lagi einum degi eftir að móti lýkur.
7. Að setja upp þær auglýsingar frá samstarfsaðilum FRÍ sem óskað er að verði settar upp á leikvelli og birtar í leikskrá.
8. Að útvega keppnisnúmer og brautarnúmer fyrir keppendur í hlaupagreinum.

2. gr. - Ábyrgð FRÍ

Eftirfarandi er á ábyrgð FRÍ:

1. Að skipa eftirlitsmann mótsins í samráði við mótshaldara. Verði kostnaður því samfara greiðist hann af mótshaldara.
2. Að afgreiða tillögu mótshaldara að tímaseðli eigi síðar en 10 dögum eftir móttöku hans.
3. Að skipa yfirdómara og/eða yfirdómnefnd („Jury of Appeal“) eftir því sem við á hverju sinni.
4. Að sjá um lyfjaeftirlit skv. reglum World Athletics og Lyfjaeftirlits Íslands.
5. Að útvega verðlaunapeninga samkvæmt reglugerð þar um.
6. Að ganga frá sjónvarpsmálum varðandi keppnina og tilkynna það mótshaldara með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. FRÍ getur framselt sjónvarpsrétt til mótshaldara með sérstökum samningi.
7. Ákvörðun um lágmarksárangur keppenda til þátttöku á viðkomandi móti eftir því sem við á.
8. Stjórn FRÍ getur tekið ákvörðun um að fresta mótahaldi vegna óviðráðanlegra aðstæðna, s.s. vegna slæmra veðurskilyrða.

3. gr. - Úthlutun móta

Stjórn FRÍ tekur ákvörðun um úthlutun móta til sambandsaðila í samræmi við ákvörðun

Frjálsíþróttabings hverju sinni.

Mótanefnd er stjórn FRÍ til ráðgjafar um mót innan hreyfingarinnar, framkvæmd þeirra og gerir tillögur um tíma- og staðsetningar. Önnur mót og mót, sem sambandsaðilar gefa eftir eða missa, skal úthlutað að undangenginni auglýsingu til allra sambandsaðila.

Eigi síðar en 1. nóvember ár hvert skal FRÍ senda sambandsaðilum lista yfir framkvæmdaaðila utanhússmóta á vegum FRÍ á næsta sumri. Á sama hátt skal FRÍ senda lista yfir innanhússmótin eigi síðar en 1. ágúst ár hvert.

Óski sambandsaðili ekki eftir að halda mót skv. áætlun frá FRÍ þingi, skal þeim óskum komið á framfæri við FRÍ eigi síðar en tveimur vikum eftir að áætlunin er send út. Að öðrum kosti telst hún samþykkt.

Mótum skal úthlutað með minnst sex mánaða fyrirvara, sé þess nokkur kostur. Sambandsaðili skal tilgreina keppnisstað svo fljótt sem auðið er.

4. gr. - Vallarskilyrði

Um vallarskilyrði fer samkv. Reglugerð nr. 23 um kröfur til valla og búnaðar vegna móta.

5. gr. - Önnur ákvæði

Að öðru leyti en að framan greinir gilda lög og reglugerðir FRÍ og ÍSÍ og keppnisreglur World Athletics og WMA (World Masters Athletics), sjá þó gr. 25.5 og 25.6 í sérkeppnisreglum FRÍ um auglýsingar á búningum og á velli.

Saga

1. Breytt á Frjálsíþróttapingi 2010, 2014.
2. Uppfært af stjórn FRÍ 2023 og birt á nýju formi.
3. Uppfært til kynningar fyrir formannafund í des 2024. Nafni reglugerðar breytt og nú tiltekið að þessi reglugerð eigi aðeins við mót innan valla og vísað í sérstakar reglugerðir um Meistaramót utan valla varðandi þau mót.
4. 5. gr. uppfærð með vísan í keppnisreglum WMA, kynnt á formannafundi í apríl 2025.